Ed. 397. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og í þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.